

794. fundur

Árið 2023, er fundur haldinn í stjórn Sambands sveitarfélaga á Suðurnesjum miðvikudaginn 11. október, kl. 8:00 í fundarsal Sambands sveitarfélaga á Suðurnesjum, Skógarbraut 945, 262 Reykjanesbæ.

Mætt eru: Friðjón Einarsson, Anton Kristinn Guðmundsson, Björn G. Sæbjörnsson, Sverrir Auðunsson og Berglind Kristinsdóttir sem jafnframt ritaði fundargerð.

Friðjón Einarsson formaður stjórnar setti fund og bauð fundarmenn velkomna á fundinn.

Dagskrá:

1. *Fjárhagsáætlun S.S.S. 2024.*

Fjárhagsáætlun S.S.S. 2024 er lögð fram en hún gerir ráð fyrir því að starfshlutfall eins starfsmanns verði aukið upp í 100% starfshlutfall. Gert er ráð fyrir framlagi upp á 9mkr. vegna viðhalds á fasteigninni Skógarbraut 945. Aðrir liðir eru óbreyttir nema með tilliti til verðlagsbreytinga. Stjórn samþykkir fjárhagsáætlunina og felur framkvæmdastjóra að senda hana til aðildarsveitarfélaga S.S.S.

2. *Tölvupóstur dags. 30.08.2023 frá Suðurnesjabæ, bókanir bæjarráðs Suðurnesjabæjar dags. 12.07.2023 og 30.08.2023. Málafni umsækjenda um alþjóðlega vernd.*

Stjórn S.S.S tekur undir þessar bókanir Suðurnesjabæjar og leggur áherslu á að málaflokkurinn verði unninn í samstarfi við sveitarfélögin.

3. *Bréf frá Suðurnesjabæ, dags. 18.09.2023 v. umsagnar um samgönguáætlun - sjóvarnir.*

Stjórn S.S.S. tekur undir bókun Suðurnesjabæjar um stöðu sjóvarna. Í ljósi þess að búast má við sjávarflóðum mun tíðar en áður vegna veðurskilyrða og hækkandi sjávarstöðu er mikilvægt að stjórnvöld bregðist við þessari auknu náttúruvá með tilheyrandi hætti. Sjávarflóð og varnir vegna þeirra skipta æ meira máli í sjávarbyggðum eins og á Suðurnesjum þar sem landbrot og tjón hefur verið töluvert þegar sjór hefur gengið á land. Sjávarflóð eru ein tegund af náttúruvá sem við búum við hér á landi, mikilvægt er að bregðast við þessari vá á sama hátt og t.d. ofanflóðahættu þar sem góðar varnir skipta höfuðmáli til að lágmarka líkur á neikvæðum áhrifum á samfélagið.

Greiningar á sjóvörnum, flóðahættu og landrofi á Suðurnesjum gefa skýr merki um þörfina á bættum sjóvörnum á Reykjaneskaganum. Mikilvægt er að setja verkefni sem þessi í forgang á næstu árum. Í samgönguáætlun eru aðeins 150 mkr. ætlaðar til sjóvarna á landsvísu sem duga á engan hátt til þess að takast á við þetta verkefni.

Framkvæmdastjóra falið að senda bókunina til þingmanna kjördæmisins.

4. *Ársskýrsla S.S.S. 2022 – Atvinna- og byggðaðpróun.*

Ársskýrsla S.S.S. vegna starfsemi ársins 2022 lögð fram en þar er að finna góða samantekt á starfsemi S.S.S. og undirstofnanna. Stjórnin þakkar fyrir fyrirmyndar skýrslu.

5. *Velferðarnet Suðurnesja – stöðuskýrsla.*

Stöðuskýrsla Velferðarnets Suðurnesja lögð fram en Velferðarnet Suðurnesja hélt vel heppnaðan samráðsfund 5. október 2023. Fulltrúar sveitarfélaganna, Sambands sveitarfélaga á Suðurnesjum og ríkisstofnana á Suðurnesjum fóru yfir farinn veg og framtíð verkefnisins. Til fundarins mætti starfsfólk fyrrnefndra aðila, sem hefur tekið þátt í mótun Velferðarnetsins auk þess mættu stjórnendur og kjörnir fulltrúar á fundinn. Upplýsingar um netið er að finna á heimasíðu Velferðarnetsins, velferdarnet.is

Velferðarnet Suðurnesja er samstarfsverkefni sveitarfélaganna á Suðurnesjum og fjögurra ríkisstofnana sem eru í beinni þjónustu við íbúa á Suðurnesjum, þ.e. Heilbrigðisstofnunar Suðurnesja, Lögreglunnar, Sýslumanns og Vinnumálastofnunar.

Fundurinn var ákveðin uppskeruhátíð verkefnisins sem hefur verið í þróun og framkvæmd síðastliðin tvö ár. Mikið hefur áunnist í verkefninu á þeim tíma og dýrmætt tengslanet myndast á milli þeirra átta þátttökustofnana Velferðarnetsins.

Meginmarkmið Velferðarnets Suðurnesja er að þróa opinbera þjónustu á Suðurnesjum með það fyrir augum að hún taki enn betur mið af íbúum svæðisins og sé sem best samþætt á milli þjónustuveitenda og faghópa. Þennan dag var opnuð vefsíðan sudurnes.is en sú síða er ætlum íbúum Suðurnesjanna.

Velferðarnetið hefur einnig komið í undanúrslit í Evrópuverðlaunum European Social Service Awards en úrslit verða kynnt um miðjan nóvember.

Stjórn S.S.S. þakkar Velferðarnetinu og starfsmönnum sveitarfélaganna fyrir vel unnið starf.



6. *Umsögn um fjárlög 2024. 1.mál.*

Framkvæmdastjóri fylgdi umsögninni eftir en sagði jafnframt frá því að hann hefði óskað eftir fresti til að skila inn umsögn um fjárlögin þar til að loknum aðalfundi S.S.S.

Framkvæmdastjóra falið að vinna málið áfram.

7. *Önnur mál.*

Ekkert fleira fært til bókar.

Fleira ekki gert og fundi slitið kl. 9:30.

Friðjón Einarsson

Björn G. Sæbjörnsson

Anton K. Guðmundsson

Sverrir Auðunsson

Berglind Kristinsdóttir